



## Áfallaáætlun Lindaskóla

---

### Skilgreining á áföllum

---

Áfall er atburður sem ætla má að veiki kvíða, ótta, sorg eða streitu hjá einstaklingi. Alvarleg áföll í nemendahópnum, aðstandendum þeirra eða starfsfólks geta verið af völdum:

- Andláts nemanda
- Langvarandi eða alvarlegra veikinda
- Slys sem valda líkamstjóni
- Náttúruhamfarir
- Kynferðisleg misnotkun
- Ofbeldi
- Annars sem skv. mati áfallaráðs veldur áfalli



## Nemendaverndaráð fer með hlutverk áfallaráðs Lindaskóla

Guðrún G. Halldórsdóttir, skólastjóri  
Margrét Ármann, aðstoðarskólastjóri  
Fjóla Borg Svavarsdóttir, deildarstjóri  
Inga Birna Eiríksdóttir, deildarstjóri  
Þórhalla Gunnarsdóttir, námsráðgjafi  
Elsa Hrund Jensdóttir, hjúkrunarfræðingur  
Ása Margrét Sigurjónsdóttir, sálfræðingur

## Hlutverk áfallaráðs

Í áfallaráðinu er sérvalinn hópur starfsfólks innan skólans. Hópurinn er ávallt í viðbragðsstöðu ef upp kemur áfall í skólanum. Ráðið vinnur eftir áfallaáætlun Lindaskóla þar sem fjallað er um vinnuferli til að styðjast við þegar áföll verða.

- Áfallaráð hefur verkstjórn við válega atburði.
- Áfallaráð skal funda eins fljótt og auðið er ef áfall hefur orðið, óháð dagsetningu og tíma.
- Áfallaráð útbýr vinnuáætlanir um hlutverkaskipan hverju sinni, í hvaða röð og hvernig bregðast skuli við í hverju tilviki fyrir sig.
- Áfallaráð skal sjá til þess að kennarar fá stuðning og hjálp.
- Mikilvægt er að huga að óskum þeirra fjölskyldna sem hlut eiga að máli hverju sinni.
- Áfallaráð skal sjá til þess að allt starfsfólk fái kynningu á því hvernig bregðast skuli við áföllum.

## Fyrstu viðbrögð vegna áfalls

- Upplýsingar um áföll berist til skólastjóra.
- Skólastjóri leitar staðfestingar hjá viðkomandi eða aðstandendum.
- Skólastjóri leitar heimildar hjá viðkomandi eða aðstandendum hans um að fjallað verði um málið í skólanum. Bera þarf allar aðgerðir skólans undir foreldra til samþykkis, eða hafa þá með í ráðum frá upphafi.



Skólanámskrá Lindaskóla  
Almennur hluti

---

- Áfallaráð kemur saman.
- Segir frá hvað gerðist og hugsanleg áhrif á nemendahópa
- Hverjum tengist viðkomandi, t.d. systkini, vinir, vinahópar, s.s. félagsstarf, íþróttafélag, skátar, of.l.
- Hvernig er best að svara spurningum frá nemendum og foreldrum t.d. slys, sjálfsvíg, alvarleg veikindi eða annað.
- Hvernig er best að haga skólastarfinu það sem eftir er skóladags og næstu daga. (t.d. að bjóða uppá umræður og gefa fólki kost á að tjá sig.)
- Koma upp athvarfi þar sem hægt er að vera í fámenni, t.d. hjá náms- og starfsráðgjafa og hjúkrunarfræðingi.
- Hvaða hjálp fáum við utan skólans, t.d. prestur, sálfræðingur o.fl.
- Hverjir svara fólki utan skólans.
- Ákveða annan fund og yfirfara stöðuna.